



Borgarráð

Lagt er til að borgarráð samþykki meðfylgjandi samninga um endurskoðun og framlengingu á aðalmiðlarasamningum vegna viðskiptavaktar á skuldabréfaflokkum Reykjavíkurborgar.

Greinargerð

Þessir samningar hafa verið gerðir til árs í senn. Undanfarin ár hafa fjórir aðilar annast þessa samninga: Arion banki, Íslandsbanki, Kvika og Landsbankinn og er nú stefnt að endurnýjun samninga við sömu aðila.

Samningarnir eru nú með eftirfarandi breytingum:

- Tekin verður upp viðskiptavakt með skuldabréfaflokkinn RVK 32 1 samhliða útboði á seinni helmingi ársins 2018. Á sama tíma verður viðskiptavakt með skuldabréfaflokkinn RVK 19 1 hætt.
- Tilboðsskylda í RVK 53 1 verður lækkuð í 30 mkr. að nafnverði en á móti verður tilboðsskylda í RVKN 35 1 hækkuð í 40 mkr. að nafnverði og tilboðsskylda í RVK 32 1 verður 40 mkr. að nafnverði þegar hún verður tekin upp í haust.
- Samningstíminn verður framvegis ekki miðaður við 25. maí ár hvert heldur 1. apríl og þessir samningar verða því frá 25. maí 2018 til 31. mars 2019.
- Heildarþóknun til viðskiptavaka á ársgrundvelli verður óbreytt en heildarþóknun þessa samnings verður því 35.671.233 kr að teknu tilliti til styttri samningstíma. Tímabil uppreiðnings þóknana breytist af þessum sökum og verður fyrst frá 25. maí 2018 til 30. september 2018 og seinna tímabilið frá og með 1. október 2018 til 31. mars 2019.
- Að síðustu er bætt inn ákvæði í 6. gr. samnings til samræmis við aðra samninga og starfshætti okkar fram að þessu: „Ef alvarleg truflun verður á markaði og tímabundin niðurfelling verður á ákvæðum aðalmiðlarasamnings um ríkisbréf eða íbúðabréf, falla sambærileg ákvæði í þessum samningi einnig niður yfir sama tímabil án þess að samningsaðilar þurfi sérstaklega að samþykkja það í hvert skipti“.

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri